

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 29. ágúst 2014 breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis Keflavíkurflugvallar, svæði F og H.

Breytingin nær yfir lóð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Með breytingunni er svæði F stækkað og sameinað svæði H, byggingarreitur er stækkaður og nýtingarhlutfall hækkað. Bilastæðum verður fjölgað og gatnakerfi breytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 15. september 2014,

Sveinn Valdimarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. september 2014